

Greinargerð um nöfn á athöfnum
Ásatrúarfélagsins

Tómas Vilhjálmur Albertsson
Þjóðfræðingur og seiðgoði

Ágúst 2007

Heiti á athöfnum

Á goðafundi 16. júlí 2007 var samþykkt að undirritaður Tómas V. Albertsson seiðgoði, tæki til þær upplýsingar sem til væru um orðanotkun við trúarlegar athafnir Ásatrúarfélagsins. Hefur verið leitað fanga í fræðibækur, orðabækur og dagblöð en ekki eru öll kurl komin til grafar enn sem komið er.¹ En þó er komin heildarmynd á orðanotkunina og verður staðar numið í þessari leit að orðanotkun ásatrúarmanna á þeim athöfnum sem ásatrúarmenn nota. Þær upplýsingar sem tiltækar eru um nöfn á athöfnum ásatrúarmanna er meðal annars að finna í bókinni *Merkisdagar á mannsævinni* eftir Árna Björnsson þjóðháttufræðing og eru eftirfarandi:

- Bls. 135: Eftir að félag ásatrúarmanna öðlaðist löglega viðurkenningu árið 1973 hefur allsherjargoði þeirra nokkrum sinnum ausið börn vatni og heitir sú athöfn þeirra **nafnfesta** að fornum hætti.
- Bls. 181: Vígslan er einnig nefnd **siðfesta** í samhljómi við orðið nafnfesta í stað skírnar (sjá bls. 135).
- Bls. 340: Þessa athöfn vilja ásatrúarmenn kalla **ráðfestu**.
- Bls. 342: Jörmundur Ingi allsherjargoði **festir ráð** þeirra (mynda-texti).
- Bls. 410:, en þessa athöfn hafa þeir viljað kalla **jarðfestu** til samræmis við nafnfestu, siðfestu og ráðfestu.

Nafnfesta er gamalt og gott orð er það meðal annars notað í *Hrólfssögu Kraka, Helga kviðu Hjörvarssonar* og víðar í fornsögum Íslendinga [Bjö96, bls. 109-146]. Þetta orð hefur ratað í orðabók og er þar svo: *Nafn-festa* KVK trú - athöfn þar sem barn er blessað og nafn þess staðfest hjá ásatrúarmönnum (nú tímans) samsvarar kristinni skírn [Árn02, bls. 1039]. Í bókinni *Allsherjagoðinn* (1991) er orðið *nafngift* notað og er það mjög víðeigandi heiti, en þar er einnig vísa sem heitir „Nafngjöf“ og er jafnan notuð við þær athafnir. Annars notar Sveinbjörn Beinteinsson orðin *skírn* og *giftingu* í bókinni *Allsherjagoðinn* [Bei92, bls. 133-35].

Ráðfesta er komið af þeirri athöfn að *fasta ráð* sitt og er það auðskilið hugtak sem er komið úr íslenskri málvenju. Þetta orð hef ég (T.V.A.) ekki fundið í orðabók né á síðum dagblaða. Sjá tilvitnun hér að ofan um orðanotkun Sveinbjörns Beinteinssonar allsherjagoða frá 1972-93.

¹Ógerlegt er að leita í tímaritum þar sem örfá þeirra hafa verið skönnuð inn í www.timarit.is og er óvinandi vegur að fara að leita eftir tímaritsgreinum þar sem hafa verið tekin viðtöl við allsherjagoðana og lesa þau öll yfir.

Siðfesta er afbyggt orð í samræmi við nafnfesta. Í *Íslenskri orðabók* [Árn02, bls. 1271] er þessu svo lýst: *Sið-festa* KVK trú - vígsluathöfn ungmenna hjá ása-trúarmönnum (nú tímans), samsvarar ferminu. Þetta orð kemur fyrir í Morgunblaðinu 27. júlí 1996. Þar sem rætt er við Jónínu K. Berg [Mor96, bls. 8].

Jarðfesta er afbyggt orð til samræmis við nafnfesta. Fann ég engar heimildir um þetta orð ef frá er talið *Merkisdagar á mannsævinni* eftir Árna Björnsson [Bjö96, bls. 410].

Af þeirri orðanotkun sem fundist hefur má dæma að orðin *nafnfesta*, *nafngjöf* og *ráðsfesta* séu elst þessara orða. Hin tvö orðin *siðfesta* og *jarðfesta* eru yngst og hefur orðið *jarðfesta* ekki komist í orðabækur en það hefur orðið *siðfesta* hinsvegar gert. Orðið *nafnfesta* er til í orðabók en ekki orðið *ráðfesta*.

Ég tel orðin *siðfesta* og *jarðfesta* vera orðskrípi og ekki stuðla að skilningi manna á heiðnum sið. Hvaða sið er verið að staðfesta í *siðfestu*? Ásatrú er ekki einn siður heldur margir og er því ótækt að mínu mati að hafa það orð í okkar athöfnum. Orðið *jarðfesta* er engu betra. Er verið að festa viðkomandi við eða í jörðinni? Hvert hver og einn fer eftir andlát er eftir honum komið og getum við ekkert sagt til um það. Í *Íslensk orðabók* [Árn02, bls. 729] er til orðið *Jarðfastur* L - fastur í jörðu sbr. *jarðfastur* steinn og tel ég að það segi alveg nóg til þess að hafna orðinu *jarðfesta*.

Í reglum Ásátrúarfélagsins hafa ávallt verið kjörorðin „Hefjum til vegs fornan sið og forn menningarverðmæti“ og í ljósi þeirra legg ég það til að við notum orðin *nafnfesta* og *nafngjöf* þegar börnum er gefið nafn en *ráðfestu* þegar fólk er gefið saman. Hvað varðar hin tvö orðin *siðfesta* /-u og *jarðfesta* /-u legg ég til að það sé sett fram umræða í fréttablaði voru „Vor siður“ um þessi nöfn og jafnvel settur upp hlekkur á heimasíðunni þar sem menn geti lagt fram tillögur og rökstutt þær með nokkrum orðum. Að tilteknum tíma liðnum velji stjórn eða lögrétta bestu tillögurnar og leggi þær til atkvæða á aðalfundi félagsins.

Heimildir

- [Árn02] Mörður Árnason. *Íslensk Orðabók A-l & M-Ö*. Edda, Reykjavík, 2002.
- [Bei92] Sveinbjörn Beinteinsson. *Allsherjargoðinn*. Hörpuútgáfan, Akranes, 1992. Berglind Gunnarsóttir skráði.
- [Bjö96] Árni Björnsson. *Merkisdagar á mannsævinni*. Mál og menning, Reykjavík, 1996.
- [Mor96] Fyrsti kvengoðinn á Íslandi, 1996. Viðtal við Jónínu K. Berg, 83. árg., 169 tbl.